

Mánudagur, 27. mars 2019

Ákvörðun nr. 6/2019

Kaup Barone I ehf. á 90% hlut í Löður ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 20. febrúar 2019 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem tilkynnt var um kaup Barone I ehf. (hér eftir Barone I) á 90% hlut í Löður ehf. (hér eftir Löður). Seljandi hlutarins er IP Eignarhald hf. (hér eftir IP Eignarhald). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Samkeppniseftirlitið féllst á að nægilegt hafi verið að skila inn styttri samrunaskrá þar sem samruninn varðar ótengda markaði, sbr. a. liður 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga.

Í kjölfar tilkynningarinnar eða þann 12. mars 2019 barst Samkeppniseftirlitinu tölvupóstur frá lögmanni samrunaaðila með hluthafasamkomulagi Barone I en það láðist að láta fyrrgreint hluthafasamkomulag fylgja samrunatilkynningunni.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Þau viðskipti sem hér um ræðir fela það í sér að Barone I kaupir 90% hlut í Löður og öðlast því yferráð yfir félaginu.

Barone I er einkahlutafélag og er tilgangur þess kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Í samrunaskrá kemur fram að eignarhald Barone I sé í höndum []¹. Hluthafar Barone I hafa gert með sér hluthafasamkomulag um []².

Löður er einkahlutafélag og er tilgangur þess bílaþvottur, smurþjónusta og önnur skyld þjónusta við bílaeigendur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið er þjónustufyrirtæki sem rekur 15 bílaþvottastöðvar, 13 á höfuðborgarsvæðinu, eina á Akureyri og eina í Keflavík. Löður býður upp á yfirbyggða bása til að þrifa bíla, þar sem

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

viðskiptavinur getur þrifið bílinn sjálfur gegn mínútuþjaldi, snertilausar sjálfvirkar þvottastöðvar og svampburstastöðvar.

1. Markaður málsins og staða samrunaaðila á honum

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.

Í samrunaskrá kemur fram að Barone I sé eignarhaldsfélag sem starfar á markaði fyrir fjárfestingarstarfsemi. Jafnframt kemur fram að hvorki Barone I né félög sem teljast undir yfirráðum Barone I starfi á sömu vöru- og þjónustumörkuðum og Löður starfar á.³

Samrunaaðilar skilgreina markaðinn sem Löður starfar á sem markað fyrir bílaþvott. Í samrunaskrá er þvottaþjónusta sem Löður býður upp á greind í sex mismunandi gerðir. Telja samrunaaðilar samt sem áður óþarft að greina markað fyrir bílaþvott í nánari undirmarkaði, t.d. eftir sjálfvirkni eða tegund bursta sem notaðir eru við þvottinn. Ástæðan er sú að staðganga er á milli mismunandi flokka þjónustu, og val viðskiptavina er ekki alltaf það sama. Þá eru árstíðarsveiflur í vali viðskiptavina, þar sem fleiri velja að þvo bíl sinn sjálfir yfir sumartímenn þegar vel viðrar.

Þá benda samrunaaðilar á að Barone I, félög undir yfirráðum Barone I og Löður starfi á ólíkum mörkuðum og samruninn muni ekki breyta markaðsgerð viðkomandi markaða að neinu leyti. Jafnframt kemur fram í samrunaskrá að með samrunanum verði ekki breyting á fjölda keppnauta á hlutaðeigandi mörkuðum og að samruninn mun ekki leiða af sér neina samþjöppun.

Miðað við uppgefnar upplýsingar leiða þau viðskipti sem hér eiga sér stað ekki til samþjöppunar á framangreindum markaði. Eins og mál þetta er vaxið er þó ekki þörf á því að greina markaðina nákvæmlega.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Að mati samrunaaðila er samruninn ekki til þess fallinn að hafa áhrif á markaðsgerð markaða málsins að neinu leyti. Þá telja samrunaaðilar að ekki séu líkur á skaðlegum áhrifum á samkeppni. Um sé að ræða samsteypusamruna þar sem aðilar samrunans hafa ekki starfsemi á sömu mörkuðum. Því komi ekki til samþjöppunar á mörkuðum í kjölfar samrunans.

³ Einn hluthafa Barone I, eignarhaldsfélagið Einir ehf., keypti Dæluna og fimm sjálfsafgreiðslustöðvar af Festi fyrr á árinu 2019.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að í máli þessu sé um samsteypusamruna að ræða, þar sem Barone I og félög undir sömu yfirlitum hafa ekki starfsemi á sama markaði og Löður starfar á samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að miðað við framkomnar upplýsingar séu engar vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c. samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Kaup Barone I ehf. á 90% hlut á Löður ehf. af IP Eignarhaldi hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson